

Skólaleikrit

HLINI KÓNGSSON

Byggt á samnefndu ævintýri

Þórunn Pálsdóttir



NÁMSGAGNASTOFNUN
2014

Persónur:

SIGNÝ

HLINI

KARL

KERLING

KÓNGUR

DROTTNING

YNGRI SKESSAN

ELDRI SKESSAN

1. HIRÐMAÐUR

2. HIRÐMAÐUR

3. HIRÐMAÐUR

KALLARI

1. SÖGUMAÐUR

2. SÖGUMAÐUR

SVANIR

1. þáttur

(Í höllinni. KÓNGUR OG DROTTNING sitja í hásetum sínum og HLINI stendur við hlið þeirra. HIRÐMENN eru jafnframt varðmenn konungs.)

SÖGUMAÐUR 1: Það voru einu sinni kóngur og drottning í ríki sínu. Hann hét Hringur en ekki er þess getið hvað drottningin hét.

SÖGUMAÐUR 2: Þau áttu einn son sem Hlini var nefndur. Snemma var hann efnilegur og þótti hinn mesti kappi.

(HLINI kemur fram á svið og hneigir sig. HIRÐMENNIRNIR ráðast að honum með brugðin sverð. HLINI skylmist við þá og fellir þá. HIRÐMENNIRNIR standa upp og halda aumir um sár sín og fara aftur á sinn stað. HLINI hneigir sig brosandi og kóngur og drottning klappa og hrópa „bravó, bravó“.)

SÖGUMAÐUR 1: Eitt sinn fór kóngsson á dýraveiðar með hirðmönnum föður síns.

(HIRÐMENN og HLINI koma fram á svið, eru vopnaðir og læðast um. Þeir þykjast skjóta bangsadyr sem eru á víð og dreif og taka þau svo upp.)

SÖGUMAÐUR 2: Þegar þeir höfðu veitt nokkur dýr og fugla, sló yfir svo dimmri þoku, að þeir misstu sjónar á kóngssyni.

(HLINI lætur sig hverfa.)

HIRÐMENN: *(Ráfa um sviðið og kalla) Hlini, Hlini, hvar ertu? Hlini, Hlini, hvar ertu?*

2. þáttur

(Í höllinni. KÓNGUR OG DROTTNING sitja í hásetum sínum. HIRÐMENNIRNIR ganga fram fyrir kóng.)

HIRÐMAÐUR 1: Yðar hátign. Þegar við vorum á veiðum með kóngssyni þá skall á mikil þoka og hann var allt í einu horfinn.

HIRÐMAÐUR 2: Við leituðum um allan skóg.

HIRÐMAÐUR 3: Hann var gjörsamlega horfinn sjónum okkar.

DROTTNING: *(grípur höndum fyrir andlitið og hljóðar upp)* Ó, nei, er elsku sonur minn horfinn? Það getur ekki verið.

KÓNGUR: *(stendur upp og leggur hönd á öxl DROTTNINGAR)* Við finnum hann, kæra drottning. *(Við HIRÐMENNINA)* Látið þau boð út ganga að allir sem vettlingi geta valdið leiti að syni mínum.

KALLARI: *(HIRÐMAÐUR kallar í gjallarhorn)* Takið eftir, takið eftir. Allir sem vettlingi geta valdið eiga að leita að kóngssyni. Allir eiga að fara að leita að Hlína kóngssyni.

SÖGUMAÐUR 1: Leitaði nú hver sem hafði ráð og rænu í ríkinu að kóngssyni.

SÖGUMAÐUR 2: Þeir leituðu allan daginn til kvölds en fundu ekki. Í þrjá daga var hans leitað og ekki fannst kóngssonur.

(HIRÐMENN ganga fram og til baka á sviði, fara jafnvel út í sal og kalla á HLÍNA kóngsson. Þeir fara síðan út.)

3. þáttur

(Í höllinni. KÓNGUR OG DROTTNING sitja döpur í hásetum sínum. HIRÐMENN koma inn.)

HIRÐMENN: (í kór) Yðar hátign, kóngssonur finnst ekki.

KÓNGUR OG DROTTNING: (harmi slegin) Ó, nei (þau fela andlitið í höndum sér og gráta hátt.)

SÖGUMAÐUR 1: Við þetta varð kóngur svo harmfullur að hann lagðist í rekkju sem veikur maður.

SÖGUMAÐUR 2: Hann lét lýsa því yfir að hver sem fyndi son sinn og kæmi með hann heim aftur skyldi eignast hálftríki sitt.

KALLARI: (HIRÐMAÐUR) Takið eftir, takið eftir! Hver sem finnur kóngsson fær hálftríkið að launum. (Endurtekur kallið.)

4. Þáttur

(Í garðshorni. KARL OG KERLING sitja við tóvinnu fyrir framan kotið.)

SÖGUMAÐUR 1: Signý karlsdóttir frétti hvarf kóngssonar og hverju hefði verið heitið ef Hlini fyndist.

(SIGNÝ kemur inn og fer til foreldra sinna.)

SIGNÝ: Kæru pabbi og mamma, mig langar til að leita að Hlina kóngssyni.

KARL: Þú hefur alltaf verið hugrökk og dugleg stúlka, Signý mín.
(Klappar á öxl Signýjar.)

KERLING: Já, við erum stolt af þér, kæra dóttir, en þú verður að fara varlega úti í hinum stóra heimi. Ég næ í nesti og nýja skó. *(Hún fer baksviðs og kemur fljótt aftur með pokaskjatta.)*

SIGNÝ: *(tekur við pokanum og kyssir mömmu sína)* Takk, elsku mamma. Verið þið blessuð. *(Faðmar þau bæði.)*

KARL OG KERLING: *(veifa)* Bless og gangi þér vel. *(KARL snýtir sér og KERLING þurrkar tár af kinn. Þau ganga svo inn í bæinn.)*

5. þáttur

(Hellir. Tvö rúm eru þar inni. Gyllt ábreiða er yfir öðru rúminu. HLINI er undir ábreiðunni.)

SÖGUMAÐUR 2: En það er af ferðum Signýjar að segja að þegar hún hefur gengið meiri hluta dagsins kemur hún að helli einum.

SÖGUMAÐUR 1: Hún gekk inn í hann og sá þar tvær rekkjur. Silfurofin ábreiða var yfir annarri en gullofin yfir hinni.

SIGNÝ: *(kemur inn og litast um)* Vá, hvað það er skuggalegt hérna. *(Fer að gullábreiðunni.)* Það sefur einhver í þessu rúmi. *(Lyftir ábreiðunni.)* Þetta er Hlini kóngsson. Hlini vaknaðu. *(Hún hristir hann, hann vaknar ekki.)* Af hverju vaknar hann ekki. *(Sér lettrið á rúminu.)* Það er eitthvað skrifað á rúmið, það eru rúnir. Ég get ekki ráðið í þær, ég kann ekki að ráða rúnir. Það er einhver að koma. Ég ætla að fela mig hérna.

SÖGUMAÐUR 2: Þegar Signý var komin í fylgsni sitt heyrði hún litlu síðar úti dunur miklar og sá að tvær skessur stórskornar mjög komu inn í hellinn.

ELDRI SKESSAN: Fussum svei; mannabefur í helli okkar.

YNGRI SKESSAN: Oh, það er af honum Hlina kóngssyni.

(Þær fara báðar að rúmi Hlina.)

ELDRI OG

YNGRI SKESSAN: Syngi, syngi, svanir mínir, svo hann Hlini vakni.

Svanasöngur

(HLINI vaknar)

YNGRI SKESSAN: Hlini kóngsson, viltu eitthvað að borða?

HLINI: Nei, takk.

YNGRI SKESSAN: *(sest á rúmið við hliðina á Hlina, segir smjaðurslega og brosandi)* Hlini kóngsson, viltu giftast mér?

HLINI: Nei, takk. Það vil ég alls ekki.

YNGRI SKESSAN: *(verður döpur og kallar)* Syngi, syngi, svanir mínir, svo hann Hlini sofni.

Svanasöngur

(SKESSURNAR fara upp í rúmið með silfurábreiðunni, sofna og hrjóta hátt.)

(Ljós slökkt, hrotur í myrkri.)

(Kveikt aftur.)

(Skessurnar setjast upp og geispa með látum.)

SKESSURNAR: Syngi, syngi, svanir mínir, svo hann Hlini vakni.

Svanasöngur

ELDRI SKESSAN: Viltu eitthvað að borða?

HLINI: Nei, takk.

YNGRI SKESSAN: *(Sest við hlið Hlina)* Viltu giftast mér, Hlini?

HLINI: Nei, kemur ekki til greina.

SKESSURNAR: Syngi, syngi, svanir mínir, svo hann Hlini sofni.

Svanasöngur

(Skessurnar fara. SIGNÝ kemur fram og fer til HLINA)

SIGNÝ: Syngi, syngi, svanir mínir, svo hann Hlini vakni.

Svanasöngur

SIGNÝ: *(Tekur í höndina á HLINA)* Sæll og blessaður, Hlini.

HLINI: *(tekur í hönd SIGNÝJAR)* Sæl og blessuð, hver ert þú?

SIGNÝ: Ég heiti Signý og kem úr garðshorni. Ég ætla að reyna að bjarga þér úr klóm skessanna. Faðir þinn er harmi sleginn. En segðu mér Hlini, hvað gerðist?

HLINI: Þegar við vorum á veiðum þá skall á niðdimm þoka, ég týndi hinum veiðimönnunum og skessurnar fundu mig og fóru með mig hingað. Önnur skessan vildi giftast mér en auðvitað vildi ég það ekki.

SIGNÝ: Ég veit hvað við skulum gera. (*Áköf.*) Nú skaltu, þegar skessan spyr þig í kvöld, hvort þú viljir ekki eiga sig, segja við hana að þú skulir giftast henni ef hún segi þér hvað stendur á rúmunum og hvað þær séu að gera á daginn.

HLINI: Þetta er mjög fin hugmynd. Rosalega ertu klár, Signý.

SIGNÝ: (*verður feimnisleg á svipinn*) Eigum við að tefla?

HLINI: Já, ég er alveg til í það. Ég sæki tafl. (*Hann finnur tafl og þau tefla.*)

SÖGUMAÐUR 1: Þegar rökkva tók, svæfði Signý Hlina og faldi sig.

SIGNÝ: Syngi, syngi, svanir mínir, svo hann Hlini sofni.

Svanasöngur

(*SKESSURNAR koma inn með látum. ELDRI SKESSAN heldur á nokkrum loðdýrum sem bundin eru saman í kippu. Hún kveikir upp eld og fer að matreiða. Hún hendir loðdýrunum í eldinn (bangsar) og raular lágt.*)

(*YNGRI SKESSAN er með rauða rós í hárinu. Hún gengur með miklum mjaðmahreyfingum yfir að rúmi HLINA. Gerir sig sæta.*)

YNGRI SKESSAN: Syngi, syngi, svanir mínir, svo hann Hlini vakni.

Svanasöngur

YNGRI SKESSAN: Viltu borða?

HLINI: Já.

YNGRI SKESSAN: (*sest við hliðina á HLINA*) Jæja, góði. Viltu giftast mér? (*brosir*)

HLINI: Já, ég vil það ef þú segir mér hvað rúnirnar þýða sem eru á rúmunum.

YNGRI SKESSAN: (*hoppar upp af gleði, öskrar*) Jibbí jibbí. Mamma, mamma. Hann vill giftast mér.

ELDRI SKESSAN: (*faðmar YNGRI SKESSUNA*) Til hamingju, til hamingju, litla tuðran mín. Hann hlaut að játast þér. Þú ert svo mikið krútt.

HLINI: Hvað þýða rúnirnar?

YNGRI SKESSAN: Þær þýða: „Renni, renni, rekkjan mín, hvert sem maður vill.“

HLINI: Já, það er merkilegt en þú verður að segja mér meira ef ég á að giftast þér. Hvað eruð þið að gera úti í skógi á daginn?

YNGRI SKESSAN: Við erum að veiða dýr og fugla; en inn á milli setjumst við undir eik eina og hendum fjöregginu á milli okkar.

HLINI: Er það eitthvað erfitt?

YNGRI SKESSAN: Það má alls ekki brotna því þá dettum við báðar steindauðar niður.

HLINI: Þakka þér kærlega fyrir að segja mér frá þessu. Nú er ég þreyttur og ég vil gjarnan fara að sofa og hvíla mig vel fyrir morgundaginn.

YNGRI SKESSAN: Syngi, syngi, svanir mínir, svo hann Hlini sofni.

Svanasöngur

(SKESSURNAR fara báðar upp í rúmið með silfurábreiðunni en ELDRÍ SKESSAN hrindir YNGRI SKESSUNNI niður á gólf og síðan sofna þær. Þær hrjóta hátt.)

LJÓÐ slökkt

Tónlist

LJÓÐ kveikt

(SKESSURNAR vakna með látum, geispa og stynja. YNGRI SKESSAN fer að rúmi HLINA.)

YNGRI SKESSAN: Syngi, syngi, svanir mínir, svo hann Hlini vakni.

Svanasöngur

YNGRI SKESSAN: *(HLINI vaknar)* Hlini minn, viltu koma með mér út í skóg?

HLINI: Nei, ég vil heldur vera heima.

YNGRI SKESSAN: Jæja, þá það, litli kallinn minn. Vertu margblessaður. Syngi, syngi, svanir mínir, svo hann Hlini sofni.

Svanasöngur

(Skessurnar fara út.)

SIGNÝ: *(kemur úr fylgsni sínu)* Syngi, syngi, svanir mínir, svo hann Hlini vakni.

Svanasöngur

(HLINI vaknar).

SIGNÝ: Hlini, við skulum fara út í skóg, þar sem skessurnar eru. Þú skalt hafa spjótið þitt með þér og þegar þær fara að kasta fjöregginu á milli sín, skaltu skjóta spjótinu í eggid. Líf þitt liggur við ef þú hittir ekki.

HLINI: Já, sniðugt hjá þér, Signý. *(Hann fer í jakka og leðurstígvél.)*

(Þau fara bæði upp í rekkjuna með gullofnu ábreiðunni.)

HLINI OG SIGNÝ: Renni, renni, rekkjan mín, út í skóg.

LJÓS slökkt

(Í myrkrinu taka SIGNÝ og HLINI ábreiðuna og fara með hana út í skóginn.)

Tónlist

6. þáttur

(Úti í skógi.)

SÖGUMAÐUR 2: Fór nú rekkjan af stað með þau bæði og nam ekki staðar fyrr en úti í skógi við eik eina.

LJÓS kveikt

*(HLINI OG SIGNÝ sitja á gullofnu teppi til hliðar við sviðið. HLINI heldur á spjóti).
(SKESSURNAR eru undir tré. Þær henda gulleggi á milli sín og hlæja dátt á meðan.)*

SIGNÝ: *(HLINI OG SIGNÝ standa upp)* Hlini, farðu upp í eikina. *(Hann fer á bak við tréð og kemur svo í ljós fyrir ofan skessurnar.)*

SÖGUMAÐUR 1: Hlini sá báðar skessurnar undir eikinni og hélt önnur þeirra á gulleggi og snaraði því að hinni.

SÖGUMAÐUR 2: Skaut nú kóngsson spjótinu og kom það í eggíð á fluginu svo það brotnaði. Við það brá skessunum svo að þær ultu út af froðufellandi.

(Um leið skýtur Hlini spjótinu að egginu. Skessurnar detta niður dauðar.)

SÖGUMAÐUR 1: Klifraði þá kóngsson ofan úr eikinni og þau Signý fóru heim í hellinn í rekkjunni á sama hátt og áður.

SIGNÝ OG HLINI: Renni, renni, rekkjan mín, heim í helli.

LJÓS slökkt.

SÖGUMAÐUR 2: Tóku þau nú allt sem fémætt var í hellinum og fylltu með því rekkjurnar báðar. Síðan stigu þau sitt í hvora rekkjuna og þuldu rekkjurúnirnar: Renni, renni, rekkjan mín, heim í garðshorn.

SÖGUMAÐUR 1: Og rekkjan rann heim í garðshorn með kóngsson, Signýju og allar gersemarnar.

7. þáttur

LJÓÐS kveikt

*(Garðshorn. KARL OG KERLING sitja við tóvinnu fyrir framan kotið.)
(SIGNÝ OG HLINI koma til þeirra. Hjónin standa upp og faðma SIGNÝJU.)*

SIGNÝ: Elsku pabbi og mamma, má ég kynna Hlina kóngsson. *(Þau taka í hönd kóngssonar.)*

KARL OG KERLING: Komdu blessaður og sæll.

KARL: Má ekki bjóða ykkur að vera hjá okkur í nótt?

SIGNÝ OG HLINI: Jú, takk fyrir.

SÖGUMAÐUR 2: Fóru þau nú öll inn í bæ og voru þar um nóttina.

LJÓÐS slökkt

8. þáttur

SÖGUMAÐUR 1: Snemma næsta morgun fór Signý heim í kóngsríki og gekk fyrir kóng.

LJÓS kveikt

(Hallarsalur. KÓNGUR OG DROTTNING sitja í hásetum sínum.)

SIGNÝ: *(gengur fyrir konung)* Sæll, yðar hátign.

KÓNGUR: Sæl vertu, unga stúlka. Hvað er þér á höndum?

SIGNÝ: Hvað fæ ég að launum ef ég kem með Hlina til yðar?

KÓNGUR: Þú munt varla finna hann, enginn af mínum mönnum hafa fundið hann.

SIGNÝ: Fæ ég sömu laun og þú hefur heitið ef ég get fundið son þinn? Fæ ég þá hálf kóngsríkið?

KÓNGUR: Já, hálf kóngsríkið skaltu fá.

LJÓS slökkt

SÖGUMAÐUR 2: Signý fór þá aftur heim í garðshorn og bað kóngsson að fylgja sér heim í höllina og það gerði hann.

(Hallarsalur. KÓNGUR OG DROTTNING sitja í hásetum sínum.)

LJÓS kveikt

SÖGUMAÐUR 1: Signý leiddi Hlina fyrir kóng.

(SIGNÝ kemur inn með HLINA).

KÓNGUR: *(hrópar)* Kæri sonur minn, þú ert kominn heill á húfi. *(Faðmar HLINA).*

DROTTNING: *(faðmar HLINA líka)* Elsku drengurinn minn er kominn. Mikið er ég glöð.

HLINI: *(snýr sér að SIGNÝJU)* Kæra Signý, viltu giftast mér?

SIGNÝ: Já, það vil ég.

HLINI: *(tekur hönd SIGNÝJAR og fer til föður síns)* Þessi stúlka er lífgjafi minn. Hún leysti mig úr tröllahöndum. Kæri faðir, viltu leyfa mér að giftast henni.

KÓNGUR: Já, ég skal leyfa þér að giftast þessari hugrökku stúlku. *(Kemur fram á mitt svið.)* Nú skulum við halda veislu og bjóða öllum höfðingjum ríkisins og hinum líka.

Tónlist

(Allir dansa undir tónlistinni.)

SÖGUMAÐUR 2: Stóð brúðkaupið í viku og að því loknu fór hver heim til sín. Lofuðu allir örlæti kóngs er hafði leyst gestina út með góðum gjöfum.

SÖGUMAÐUR 1: En kóngsson og Signý unnust bæði vel og lengi.

ALLIR: *(koma fram á svið og leiðast)*
Köttur úti í mýri,
setti´ upp á sig stýri,
úti´ er ævintýri.